

Reykjavík, 13. júní 2022

Erindi til Menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar vegna þeirrar ákvörðunar að slíta borgarhátíðarsamningi við Myrka músíkdaga

Huld Ingimarsdóttir, sviðsstjóri menningarmála
María Rut Reynisdóttir, skrifstofustjóri menningarmála
Skúli Helgason, formaður Menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs

Ágæti viðtakandi,

Myrkir músíkdagar eru tónlistarhátíð sem stofnuð var af Tónskáldafélagi Íslands árið 1980 og hefur verið haldin reglulega síðan þá. Um tíma var hún haldin annað hvert ár en árlega frá árinu 1998. Stefnu Myrkra músíkdaga má taka saman í þrjá meginþætti, en þeir eru; frumflutningur á íslenskri samtímatónlist, Íslandsfrumflutningur á erlendri samtímatónlist, endurflutningur á íslenskri og erlendri samtímatónlist. Myrkir músíkdagar hafa alltaf leitast við að flytja tónlist sem er utan meginstraums, sem gerir ríkari kröfur til áhorfenda og flytjenda og vekur til umhugsunar. Oft er um að ræða tónverk sem skarast við aðrar listgreinar, t.d. myndlist, gjörningalist, sviðslist o.fl. Þetta er stefna sem hátíðin vill síst gefa afslátt af, enda er erindi samtímalistar og óhlutbundinnar listar ótvírætt og viðurkennt á alþjóðavísu. List sem er óháð hvers kyns klafa fortíðar og gilda sem hætt er við að samtinnast t.d. þjóðernishyggju, list sem horfir gagnrýnum augum á sinn eigin samtíma og vekur til umhugsunar, umræðna og endurmats er nauðsynlegur þáttur menningar í lýðræðissamfélögum. Slík list er í eðli sínu utan meginstraums og lýtur þar af leiðandi ekki markaðslögmálum. Með öðrum orðum, þá verður hún seint sjálfbær og þarf stuðning ef hún á að lifa af. Það eru ekki margar listahátíðir á Íslandi sem hafa ágenga list sem kjarnamarkmið og því er hlutverk Myrkra músíkdaga í íslensku samfélagi mjög mikilvægt. Hún hefur margoft tekið til flutnings verk sem ólíklegt er að hefðu annars verið flutt hér á landi, t.a.m. Víddir eftir Báru Gísladóttur sem nú er tilnefnt til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs og flutt var á nýliðnum Myrkum músíkdögum en hafði áður aðeins verið flutt í Danmörku.

Það var aðstandendum hátíðarinnar því mjög þungbært þegar í ljós kom að hún yrði ekki lengur meðal Borgarhátíða í Reykjavík nú strax í kjölfar heimsfaraldurs. Þetta þýðir að fjármögnun Myrkra músíkdaga árið 2023 er í uppnámi vegna þess að hátíðin er haldin í lok janúar ár hvert og svör við almennum umsóknum í Borgarsjóð berast almennt ekki fyrr en í byrjun janúar. Dagskrá hátíðarinnar þarf að skipuleggja í september svo þetta þýðir að nú stendur skipulagsteymið frammi fyrir því að taka ákvarðanir fyrir næstu hátíð í mikilli óvissu um

heildarfjármagn. Styrkur frá Reykjavíkurborg, sem á þessu ári var ríflega 50% af heildarfjármögnun hátíðarinnar, er nú með öllu ótryggt fjármagn. Í slíkri stöðu eru engir góðir kostir; annað hvort þarf að slíta verksamningum við núverandi skipulagsteymi eða fækka viðburðum verulega. Styrkurinn sem hátíðin fékk undanfarin þrjú ár sem borgarhátíð nam fimm milljónum, en opinberir styrkir eru hryggjarstykkið í fjármögnun hátíðarinnar.

Enn ein sérstaða hátíðarinnar er að hún er ekki regnhlífarhátíð þátttökuverkefna heldur fjármagnar hún sína viðburði að langstærstum hluta. Þá leggur hún mikla áherslu á sanngjarna launasamninga við listafólk. Hátíðin hefur í gegnum tíðina verið í samstarfi við tónleikastaði og menningarstofnanir um alla borg, t.a.m. Hörpu, Norræna húsið, Iðnó, Breiðholtskirkju, Listaháskóla Íslands, tónlistarskóla o.m.fl. Oft hefur verið barnadagskrá í samstarfi við Töfrahurð en einnig hefur hátíðin sett eigin barnadagskrá saman undir nafninu Myrkrabörn. Miðaverði er stillt í hóf og iðulega eru einhverjir opnir viðburðir.

Hátíðin hefur verið í örurum vexti og mikil gróska í kringum hana á undanförunum árum. Áhorfendum fjölgaði jafnt og þétt milli ára fram að heimsfaraldri og á nýliðinni hátíð, sem var sú fyrsta að honum loknum, reyndist heildarfjöldi áhorfenda svipaður og fyrir samkomutakmarkanir, svo áætlanir miðuðu allar að því að vinna áfram að vexti hátíðarinnar. Fjöldi þátttökuumsókna sem hátíðinni hefur borist undanfarin sex ár hefur að jafnaði verið vel á fjórða hundrað. Þá má einnig nefna að hátíðin 2018 var tilnefnd til hvatningarverðlauna EFFE - Europe for festivals, festivals for Europe og var þar í flokki með hátíðum á borð við BBC proms og Borealis hátíðarinnar í Bergen. Áhugi á hátíðinni er almennt mikill utan Íslands og hlýtur hún ár hvert umtalsverða umfjöllun í erlendum miðlum. Hún tók þátt í Tónlistarhraðlinum haustið 2019 og hefur átt náið samstarf við ÚTÓN og Íslandsstofu í því skyni að auka aðsókn erlendis frá og efla kynningu á hátíðinni erlendis. Ótrygg og sein fjármögnun er mjög óheppileg fyrir erlenda kynningu sem þarf að fara fram með góðum fyrirvara. Að lokum má nefna að Myrkir músíkdagar hlutu í fyrsta skipti íslensku tónlistarverðlaunin sem tónlistarviðburður ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar fyrir hátíðina 2019. Áður höfðu fjölmargir stakir viðburðir af dagskrá hátíðarinnar hlotið tilnefningar og sumir einnig landað íslensku tónlistarverðlauninum, en þarna hlaut hátíðin í heild verðlaunin í fyrsta skipti og var svo aftur tilnefnd í sama flokki ári síðar. Í ljósi alls þessa er einstaklega súrt að þurfa að draga saman seglin eftir sterka endurkomu að loknum heimsfaraldri. Við skorum því hér með á Reykjavíkurborg að koma til móts við hátíðina með einhverjum hætti.

Virðingarfyllst,
f.h. Stjórnar og skipulagsteymis Myrkra músíkdaga


Þórunn Gréta Sigurðardóttir
formaður stjórnar Tónskáldafélags Íslands